



AUSTURBRÚ

bekking - þróun - þjónusta

Ársskýrsla 2018



Efnisyfirlit

Ávarp framkvæmdastjóra	1
Um Austurbrú	2
Samband sveitarfélaga á Austurlandi – SSA	6
Atvinnuþróunar-, menningar- og markaðsverkefni	8
Verkefni tengd menntun og rannsóknum	30

Austurbrú - Ársskýrsla 2018, maí 2019

Útgefandi: Austurbrú ses.
Umbrot: Gjallarhorn ehf.
Myndir: Rhombie Sandoval o.fl.
Forsíðumynd: Steinrún Ótta Stefánsdóttir
Höfundar: Starfsfólk Austurbrúar

Austurbrú | Vonarlandi, 700 Egilsstaðir | 470-3800 | austurbru.is | austurbru@austurbru.is

Ávarp framkvæmdastjóra



Það er einkenni á þjóðfélagsumræðunni að hún snýst um skort. Okkur vantar eitthvað svo okkur geti liðið enn betur. Þetta getur snúið að opinberri þjónustu ýmis konar, framboði á vörum í verslunum eða úrvali afþreyingar – hverju sem er – svo lengi sem það skortir. Þetta er að sjálfsögðu eðlilegt og vöxtur og framþróun samfélaga er háð því að þörfum og væntingum hvers tíma sé mætt. Okkur finnst ekki lengur ásættanlegt að búa við eins fasa rafmagn, ADSL-tengingu og háa fjallvegi, svo nærtæk dæmi séu tekin.

Egilsstaðaflugvöllur er merkilegur í þessu samhengi. Okkur vantar nefnilega ekki góðan flugvöll hér í landshlutann – hann er hér nú þegar – en við þurfum að finna leiðir til að nýta hann á sem fjölbreyttastan hátt svo hann haldi áfram að vaxa og dafna.

Flugvöllurinn var tekin notkun í núverandi mynd fyrir rúmum aldarfjórðungi og við erum enn að ræða það hvernig við getum notað hann samfélaginu til hagsbóta. Austurbrú hefur tekið virkan þátt í þessari umræðu enda trúum við því að nýting á flugvelli, í jafn litlu samfélagi og Austurland er, þurfi að vera margs konar og hún þarf að nýtast sem flestum atvinnugreinum. Við getum líkt flugvellingum við vegi eða hafnir, það mega og geta allir nýtt sér þessi samgöngumannvirki. Þau eru byggð með það í huga að auka flæði fólks og vara á milli svæða. Stóra myndin er sú að með góðu og skilvirkum samspili samfélaga komi ný tækifæri og aukin lífsgæði.

Við höfum undanfarið m.a. lagt áherslu á að tala fyrir hinni svonefndu „skosku leið“ sem snýst um niðurgreiðslu á innanlandsflugi fyrir íbúa landsbyggðarinnar svo þeir geti notið alls þess sem höfuðborgin okkar hefur upp á að bjóða. Í mörgum tilfellum snýr það að nýtingu þjónustu sem ríkið greiðir úr okkar sameiginlegu sjóðum enda er höfuðborgin óumdeilanlega miðstöð íslenskrar stjórnsýslu.

Á síðustu árum höfum við einnig notað tíma, fjármagn og orku starfsmanna í að kynna okkar glæsilega áfangastað fyrir umheiminum og beint flug um Egilsstaðaflugvöll sem aðra gátt inn í landið. Höfum við sérstaklega bent á möguleikana sem felast m.a. í því að minnka árstíðarsveiflur í ferðaþjónustunni og með því móti styrkja bæði efnahag landshlutans, sem og landsins alls. Við vitum að þetta tekur tíma en umhverfið er umhleypingasamt eins og við vitum. Í slíku umhverfi er mikilvægt að leggja við hlustir og meta hvar tækifærin leynast. Eru tækifæri í því að þróa þjónustu og tengingar við Egilsstaðaflugvöll sem henta farþegum á ferð um Keflavík? Það er ekki víst að sú þjónusta sem boðið er upp á í dag og miðar að þörfum íbúa og fyrirtækja um samskipti og samgöngur við Reykjavík, henti þessum markhópi.

Aukin ferskvöruframleiðsla á Austurlandi með uppbyggingu fiskeldis mun án efa skapa tækifæri fyrir þróun nýrrar þjónustu. Þar sem ferðatími á markað skiptir meira máli fyrir ferskvörur en aðrar vörur er nálægðin við Egilsstaðaflugvöll mikill kostur.

Ég hlakka til að hlýða á erindin á málþingi um flugmál sem haldið verður í tengslum við ársfund Austurbrúar og skoða í framhaldinu með hagaðilum hvar tækifærin okkar leynast í dag.

Jóna Árný Þórðardóttir
framkvæmdastjóri Austurbrúar

Um Austurbrú

Austurbrú er sjálfseignarstofnun sem stofnuð var 8. maí 2012, vinnur að hagsmunamálum íbúa á Austurlandi og veitir samræmda og þverfaglega þjónustu tengda atvinnulífi, menntun og menningu. Stofnunin stuðlar að og ýtir undir þróun samfélags, atvinnulífs, háskólanáms, símenntunar, rannsókna og menningarstarfs á Austurlandi.

Austurbrú er fyrsta stofnun sinnar tegundar á Íslandi. Markmiðið með henni er að einfalda stjórnsýslu, vera vettvangur fyrir samstarf og samþættingu og vinna metnaðarfullt starf, íbúum Austurlands til hagsbóta.

Hjá Austurbrú starfa að jafnaði um tuttugu manns um allt Austurland.

Fundir

Ársfundur Austurbrúar var haldinn á Breiðdalsvík 20. mars og í framhaldi af honum var haldið málþing þar sem umfjöllunarefnið var hin svokallaða „fjórða iðnbylting“.

Stjórn Austurbrúar hélt 11 fundi á árinu og finna má fundargerðir árs- og stjórnarfunda á heimasíðu stofnunarinnar. Nánari upplýsingar um fjármál og rekstur Austurbrúar á árinu 2018 má finna í ársreikningi sem einnig er að finna á heimasíðunni.

Upplýsingamiðlun

Austurbrú á og rekur heimasíðuna austurbru.is þar sem finna má helstu upplýsingar um stofnunina og fréttir af starfsemi hennar. Austurbrú rekur auk þess Facebook-síðu sem uppfærð er daglega með auglýsingum og tilkynningum frá stofnuninni. Fylgjendur hennar voru rétt tæplega 2.000 í lok árs 2018.

Austurbrú auglýsir námskeið og aðra viðburði einnig í prentuðum miðlum sem dreift er á öll heimili í fjórðungnum.

Samstarfssamningurinn Austurland*

Þann 1. janúar 2018 tóku nýir samstarfssamningar, undir nafninu Austurland*, gildi í stað fyrri þjónustusamninga Austurbrúar. Markmið nýs fyrirkomulags er að efla samkeppnisstöðu Austurlands með víðtæku samstarfi ríkis, sveitarfélaga, stofnana, fyrirtækja og einstaklinga um verkefni er stuðla að framþróun svæðisins. Í lok árs voru 100 fyrirtæki og stofnanir með samstarfssamning við Austurbrú.



Frá ársfundi Austurbrúar sem haldin var á Breiðdalsvík í mars.

Innri gæðamál

Þann 15. júlí 2018 tóku gildi ný persónuverndarlög nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Austurbrú réð til sín persónuverndarfulltrúa í samræmi við ákvæði laganna og hefur hann unnið að gerð **persónuverndarstefnu**, vinnsluskrár og vinnslusamninga fyrir stofnunina. Austurbrú hefur sótt um gæðavottun samkvæmt **EQM+** staðli og er úttekt fyrirhuguð snemma á árinu 2019. Þó staðallinn nái einungis til framhaldsfræðslu, raunfærnimats og náms- og starfsráðgjafar nýtist vinnan sem honum fylgir til að efla gæði í öllu starfi stofnunarinnar.

Starfslið, stjórn og nefndir

Stjórn Austurbrúar 2018-2019

Af vettvangi sveitastjórnarmála:
Einar Már Sigurðarson
Gunnar Jónsson
Hildur Þórisdóttir
Pálína Margeirsdóttir (varamaður)

Af vettvangi atvinnulífs, menntunar og menningar:
Þráinn Lárusson
Sæunn Stefánsdóttir
Adolf Guðmundsson (varamaður)

Starfsháttanefnd Austurbrúar 2018-2019

Ásdís Helga Bjarnadóttir
Skúli Björn Gunnarsson
Jón Björn Hákonarson

Siðanefnd Austurbrúar 2018-2019

Aðalheiður Árnadóttir
Gunnlaugur Sverrisson
Sigríður Rún Tryggvadóttir




Starfslið

Í lok árs 2018 voru starfsmenn alls 26 í 22,5 stöðugildum.

Þetta voru:

Alda Marín Kristinsdóttir, verkefnastjóri á Borgarfirði
Anna Alexandersdóttir, staðgengill framkvæmdastjóra og verkefnastjóri á Egilsstöðum
Ásta Dórothea Hallgrímsdóttir, rættitæknir á Egilsstöðum
Christoph Merschbrock, verkefnastjóri á Norðfirði
Elfa Hlín Pétursdóttir, verkefnastjóri á Seyðisfirði
Else Möller, verkefnastjóri á Vopnafirði - í leyfi
Guðlaug Björgvinsdóttir, verkefnastjóri á Reyðarfirði
Guðrún Á. Jónsdóttir, yfirverkefnastjóri kjarnaverkefna á Norðfirði
Hrönn Jakobsdóttir, þjónustufulltrúi á Egilsstöðum
Hrönn Grímsdóttir, náms- og starfsráðgjafi á Norðfirði
Hulda Guðnadóttir, verkefnastjóri á Reyðarfirði
Jódís Skúladóttir, verkefnastjóri á Egilsstöðum
Jón Knútur Ásmundsson, verkefnastjóri á Reyðarfirði
Jón Steinar Garðarsson Mýrdal, verkefnastjóri á Egilsstöðum
Jóna Árný Þórðardóttir, framkvæmdastjóri
Jóney Jónsdóttir, verkefnastjóri SSA á Egilsstöðum
Jónína Brynjólfssdóttir, verkefnastjóri á Egilsstöðum
Kjartan Glúmur Kjartansson, verkefnastjóri á Reyðarfirði
Kristjana Louise Friðbjarnadóttir, sérfræðingur á Vopnafirði
Lilja Dögg Björgvinsdóttir, verkefnastjóri á Djúpavogi
María Hjálmarsdóttir, verkefnastjóri á Reyðarfirði
Páll G. Ásgeirsson, verkefnastjóri á Reyðarfirði
Signý Ormarsdóttir, yfirverkefnastjóri sérverkefna á Egilsstöðum
Sigríður Lára Sigurjónsdóttir, verkefnastjóri á Egilsstöðum
Sigrún Víglundsdóttir, verkefnastjóri á Norðfirði
Tinna K. Halldórsdóttir, verkefnastjóri á Egilsstöðum



Samband sveitarfélaga á Austurlandi (SSA)

Aðalfundur SSA var haldinn á Hallormsstað 7.-8. september. Að venju var fjallað um hin ýmsu mál sem snerta landshlutann í heild og samþykktar fjölmargar ályktanir er varða málefni hans. Á fundinum fóru fram kynningar á ýmsum verkefnum, s.s. svæðisskipulagi Austurlands, almenningsamgöngum, áfangastaðnum Austurlandi, menningarverkefnum auk kynningar á starfsemi Austurbrúar.

Ávörp voru flutt á fundinum af Njáli Trausta Friðbertssyni, 6. þingmanni kjördæmisins, Karli Björnssyni, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga, auk þess sem Hólmfríður Sveinsdóttir, sérfræðingur í samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytinu, fjallaði um sóknaráætlun og tengingu við byggðaáætlun. Þá kynnti millipinganefnd einnig tillögur sínar um stjórnunarfyrikomulag og samstarf við Austurbrú.

Á fundinum voru eftirtaldir kosnir í stjórn SSA starfsárið 2018-2019: Einar Már Sigurðarson, Gauti Jóhannesson, Gunnar Jónsson, Hildur Þórisdóttir, Pálína Margeirsdóttir, Sigríður Bragadóttir og Stefán Bogi Sveinsson. Varamenn: Eydís Ásbjörnsdóttir, Þorbjörg Sandholt, Berglind Svavarsdóttir, Jakob Sigurðsson, Jón Björn Hákonarson, Stefán Grímur Rafnsson og Björg Björnsdóttir. Á fyrsta fundi stjórnar var Einar Már Sigurðarson kjörin formaður, fyrsti varaformaður Gunnar Jónsson og annar varaformaður Hildur Þórisdóttir. Þau eiga samhlíða sæti í framkvæmdaráði SSA og sitja einnig í stjórn Austurbrúar.

Samgöngunefnd SSA starfar á milli aðalfunda en hana skipa átta fulltrúar, einn frá hverju sveitarfélagi á Austurlandi. Á heimasíðu SSA má finna upplýsingar um fulltrúa í nefndinni ásamt samþykktum hennar.

Helstu verkefni

Eitt af meginverkefnum SSA á starfsárinu var að vinna eftir samningi um sóknaráætlun Austurlands 2015-2019.

Í febrúar 2018 var úthlutað úr Uppbyggingarsjóði Austurlands sem hefur það hlutverk að styrkja menningar-, nýsköpunar- og atvinnuþróunarverkefni í samræmi við sóknaráætlun Austurlands. Að þessu sinni var rúmum 60 milljónum úthlutað til yfir 80 verkefna sem efla munu atvinnuþróun og menningu í landshlutanum.

Áhersluverkefni samnings um sóknaráætlun á árinu var menningarstarf á Austurlandi en markmið þess er að standa vörð um þann mikla og góða árangur sem náðst hefur í uppbyggingu faglegs menningarstarfs á Austurlandi og halda áfram á sömu braut. Einnig var markaðssetning Egilsstaðaflugvallar sem alþjóðlegs flugvallar áhersluverkefni en markmið þess er áframhaldandi vinna við að opna aðra gátt inn í landið með millilandaflugi um Egilsstaðaflugvöll. Haldið var áfram með verkefnið Áfangastaðurinn Austurland þar sem markmiðið er að auka aðráttarfl og samkeppnishæfni Austurlands auk þess sem Austurbrú var falið að vinna að rannsóknum er tengjast fræðslumálum á Austurlandi. Einnig var félagið *Ungt Austurland* styrkt til að koma á fót náms- og atvinnulífssýningunni *Að heiman og heim* sem haldin var þann 1. september á Egilsstöðum. Á fimmta tug milljóna var varið í áhersluverkefni árið 2018.

Nánar er fjallað um úthlutun Uppbyggingarsjóðsins og áhersluverkefnin síðar í skýrslunni.



Þá var unnið að svæðisskipulagi Austurlands sem tekur til allra sveitarfélaganna sem landfræðilegrar, hagrænnar og félagslegrar heildar. Skipulag og rekstur almenningsamgangna á Austurlandi heyrir undir starfssvið SSA og nánar er fjallað um hann í næsta kafla. Í stjórn SvAust sitja Einar Már Sigurðarson formaður, Björn Ingimarsson og Jóney Jónsdóttir.

Fundargerðir stjórnar, ályktanir og upplýsingar um aðalfundi, sem og samþykktir, má finna á heimasíðu SSA (ssa.is).

Atvinnuþróunar-, menningar- og markaðsverkefni

Markmið atvinnuþróunarverkefna Austurbrúar er að efla og skapa tækifæri til uppbyggingar í atvinnu- og byggðapróun á Austurlandi og vinna eftir stefnumótun landshlutans. Markaðshlutverk Austurbrúar snýr að markaðssetningu Austurlands í heild til atvinnu, búsetu og fjárfestinga. Markmið menningarverkefna Austurbrúar er að byggja undir faglegt menningarstarf á Austurlandi. Greinarmunur á verkefnum er gerður hér til einföldunar en í reyndinni eru mörg verkefni Austurbrúar allt í senn.

Efling Egilsstaðaflugvallar

Á vettvangi verkefnisins hefur verið rætt við flugfélög og ferðaskrifstofur með áherslu á tækifærin sem felast í Egilsstaðaflugvelli. Gott samstarf er á milli Markaðsstofu Norðurlands og Austurbrúar í vinnslu flugvallaverkefnanna. Á grundvelli þess samstarfs fékkst viðbótarfjármagn frá atvinnuvegaráðuneytinu á árinu 2018 til að auka sýnileika og framleiðslu á markaðs- og kynningarefni fyrir áfangastaðina með áherslu á nýjar gáttir inn í landið. Meðal annars voru framleidd kynningarmyndbönd fyrir flugvöllinn, sem og áfangastaðinn Austurland. Einnig var sett aukin áhersla á framleiðslu styttri myndbanda, ljósmynda, bæklinga og tímarits og sýnileiki áfangastaðarins á vefmiðlum var aukinn.

Þá var aukinn kraftur lagður í að kynna áfangastaðinn og flugvöllinn fyrir innlendum og erlendum ferðaskrifstofum og tekið var á móti fjölda blaðamanna. Farið var í fyrsta skipti á sérhæfða sýningu fyrir nýja áfangastaði, Routes, sem haldin var í Barcelona í byrjun apríl og á vinnustofur á Spáni í október í samstarfi við Íslandsstofu. Töluverður undirbúningur átti sér einnig stað í verkefninu fyrir þær sýningar sem farið var á í byrjun árs 2019, þ.e. Routes og ITB, báðar haldnar í Þýskalandi.

Í framhaldi af Routes hefur verið unnið að styrkingu tengsla við áhugasama með því að senda markaðsefni, svara upplýsingum og deila hugmyndum. Í samvinnu við Markaðsstofu Norðurlands hafa síðan innviðir og áfangastaðurinn verið kynntur fyrir ferðaskrifstofum sem fljúga nú þegar eða eru að hefja flug til Akureyrar.


Áfangastaðurinn Austurland

Á árinu 2018 kom út Áfangastaðaáætlun Austurlands (DMP) sem unnin var í samstarfi við Ferðamálastofu og markaðsstofur landshlutanna. Áfangastaðaáætlunin er byggð á vinnu síðustu fjögurra ára í verkefninu Áfangastaðurinn Austurland sem Austurbrú hefur haft umsjón með. Með áfangastaðaáætlun fyrir Austurland verður til heildræn stefna, unnin á forsendum svæðisins sjálfs, sem eflir bæði samstöðu og slagkraft fjórðungsins. Markmið þessarar áætlunar er að stuðla að ábyrgri ferðaþjónustu sem skilar sem mestum hagnaði til samfélagsins. Í skýrslunni eru m.a. birtar niðurstöður greiningar á stöðu ferðaþjónustunnar á Austurlandi en á grunni hennar var mótuð framtíðarsýn og aðgerðaráætlun.

Hátt í tvö hundruð aðilar hafa mætt á vinnustofur og fundi sem haldnir hafa verið í tengslum við verkefnið Áfangastaðurinn Austurland og hefur verið haft gott samráð við sveitarfélög í landshlutanum frá upphafi.



Forgangsröðun í Áfangastaðaáætlun Austurlands.
Mynd: Áfangastaðurinn Austurland.



Frá gerð myndbandsins. Aðalleikkonan Nanna Juelsbo (til hægri) og aukaleikkonan Sesselja Hlín Jónasdóttir.



Áfangastaðaáætlunin er unnin á ensku þar sem annar verkefnastjórnanna er sænski áfangastaða-hönnuðurinn Daniel Byström sem unnið hefur mikið með Austurbrú síðustu árin. Áfangastaðavinna síðustu ára hefur vakið athygli erlendis og má færa rök fyrir því að það hafi hjálpað til að allt skriflegt efni hefur verið gefið út á ensku. Að því sögðu er rétt að komi fram að unnið er að styttri útgáfu af skýrslunni sem kemur út á íslensku.

Skýrslan mun verða uppfærð árlega eða eins oft og tilefni gefst til. Nýjasta útgáfan af henni er aðgengileg hér: issuu.com/austurland

Áframhaldandi vinna er svo í takt við forgangsröðun verkefna í Áfangastaðaáætlun Austurlands.

Forgangsröðun í Áfangastaðaáætlun Austurlands

Stýring og miðlun: Að auka sýnileika Austurlands á vefnum í samstarfi við auglýsingastofuna Sahara.

Efling klasa: Að efla þá klasa sem eru starfandi eða í dvala á svæðinu tengt áherslum áfangastaðarins (matur, menning, útivist, leiðangrar).

Gæði. Að auka gæði áfangastaðarins og styðja við þá aðila sem eru í ferli með gæðakerfi. Einnig að auka aðgengi að námskeiðum og kennslu til að efla framlínustarfsmenn í ferðaþjónustu.

Skipulag og samfélag. Að auka sýnileika vörumerkis á svæðinu í formi skilta eða annarra þátta. Samstarf við skipulagsaðila og tenging við áfangastaðaverkefnið.

Kynningarefni

Austurbrú hefur umsjón með gerð kynningarefnis af ýmsu tagi og hefur verið minnst á sumt nú þegar. Efnið sem framleitt er í tilgangi markaðssetningar fyrir fjórðunginn er gert undir merkjum Áfangastaðarins Austurlands og vörumerkisins Visit Austurland.

Myndbönd

Áfangastaðamyndband fyrir Austurland

Myndbandið lýsir upplifun aðkomumanneskju af svæðinu í máli og myndum og gefur áhorfendum innsýn inn í þennan sérstaka landshluta. Myndbandið er framleitt og tekið upp af Sebastian Ziegler en leikstjóri var Henrik Dyb Zwart og með aðalhlutverk fór Nanna Juelsbo. Myndbandið hefur fengið góðar viðtökur og horft hefur verið á myndbandið um 100.000 sinnum í gegnum Facebook-síðu Visit Austurland.

Flugvallarmyndband

Á árinu 2018 var einnig kynnt svokallað flugvallarmyndband og var það framleidd af sama teymi og bjó til áfangastaðamyndbandið. Það myndband var útbúið fyrir flugvallarsýninguna Routes sem farið var á og Egilsstaðaflugvöllur kynntur. Myndbandið sýnir helstu upplýsingar um hvað svæðið hefur upp á að bjóða og einnig upplýsingar um flugvöllinn og getu hans.

Bæjarkjarnamyndbönd

Á árinu 2018 fjárfesti Austurbrú í dróna sem notaður er til að gera minni myndbönd af helstu bæjum á svæðinu og einnig styttri kveikjur af völdum stöðum. Starfsmaður Austurbrúar hefur tekið upp efni frá öllum bæjarfélögum og er það aðgengilegt fyrir samstarfsaðila á innri vef austurland.is. Búið er að vinna mörg af þeim og hafa þau náð góðri dreifingu á Facebook-síðu Visit East Iceland.

Prentað efni

Tímarit Áfangastaðarins Austurlands

Á árinu 2018 kom út annað hefti tímaritsins Think outside the circle en útgáfa þess hófst árinu áður samhliða opnun síðunnar Austurland.is. Í þessu öðru tölublaði var lögð áhersla á menningarstarf á Austurlandi og sjónum beint að fólki sem vinnur að framleiðslu menningar í fjórðungnum. Tímaritið var prentað í 500 eintökum og hefur verið dreift á ferðasýningum og legið frammi í Upplýsingamiðstöð Austurlands á Egilsstöðum.

Þjónustukort

Hið árlega þjónustukort kom út á vordögum. Árið 2017 var það tekið til mikillar endurnýjunnar, bæði efnis- og útlitslega, en aðeins minniháttar breytingar voru gerðar á því á árinu 2018. Var það prentað í 70.000 eintökum og dreift um land allt.

Vefur

Samfélagsmiðlar og birtingaráætlun

Aukinn kraftur hefur verið settur í þá samfélagsmiðla sem Austurbrú heldur úti. Facebook-síðan Visit Austurland var stórefld með reglulegum færslum og þar voru m.a. búin til og birt myndbönd af völdum stöðum eystra. Þetta skýrir eflaust að miklu leyti fjölgun fylgjenda síðunnar en þeir eru nú tvöfalt fleiri en fyrir ári, eða um 7.600 talsins.

Stofnuð var YouTube-rás og voru þar birt um 40 myndbönd sem sýna náttúru Austurlands. Instagram-síða Visit Austurland var uppfærð reglulega og eru fylgjendur síðunnar um 2.000 manns (voru 1.000 í lok árs 2017). Þá voru uppfærðir staðir á TripAdvisor og á árinu voru einnig stofnaðar síður á Pinterest og Twitter sem enn er verið að móta.

Varðandi stefnu í notkun samfélagsmiðla höfum við unnið með auglýsingastofnunni Sahara og notað það fjármagn sem kemur til Austurbrúar frá sveitarfélögunum á Austurlandi í gegnum birtingaráætlun. Þessi áætlun hefur verið í gangi til nokkurra ára og hefur þann tilgang að markaðssetja fjórðunginn sem áfangastað fyrir erlenda sem og innlenda ferðamenn. Þetta verkefni hefur tekið talsverðum breytingum á síðustu árum. Framan af var fjármagnið notað til að kaupa birtingar í tímaritum en á síðustu tveimur árum hafa að langmestu leyti verið keyptar auglýsingar á vefnum. Á síðasta ári hófst samstarf við auglýsingastofuna Sahara, eins og áður sagði, og hefur hún verið ráðgefandi í gerð samfélagsmiðlastefnu og efnisgerðar. Samstarfið heldur áfram á árinu 2019.

East.is


Ferðaðþjónustuvefurinn East.is var í stöðugri uppfærslu á árinu 2018 líkt og fyrri ár. Farið var yfir texta, settir inn nýir staðir, myndbönd framleidd sem svo voru hlekkjuð inn á síðuna. Sett var tenging við síðuna Wikiloc þar sem notendur geta fengið GPS-upplýsingar af gönguleiðum eystra.

Vinsældir síðunnar hafa vaxið jafnt og þétt. Fjölgun heimsóknar hefur verið stöðug síðustu ár yfir háannatímamann (júní til ágúst). Hún var skoðuð um 400.000 sinnum á árinu 2018, um 4% aukning frá árinu áður.

Austurland.is

Vefurinn Austurland.is opnaði á árinu 2017 og var hugsaður sem lendingarsíða fólks sem leitar að upplýsingum um Austurland. Þá er hann líka innri vefur með fróðleik og verkfærum fyrir samstarfsaðila

Forsíðuna á öðru hefti Think outside the circle prýddi Halldóra Malin Pétursdóttir, leikkona á Seyðisfirði. Myndina tók KOX.



Austurbrúar. Þar má finna gagnabanka með upplýsingum um helstu innviði svæðisins, ljósmyndabanka, útlitsstaðla, ljósmyndaleiðbeiningar og fleira. Vefurinn er enn í mótun og á árinu var lögð áhersla á að birta atvinnuáuglýsingar af svæðinu. Þetta hefur aukið heimsóknafjölda á síðunni umtalsvert og var hún heimsótt að jafnaði um 1.200 sinnum á mánuði.

Sýningar og vinnustofur

Routes Europe

Routes er ráðstefna þar sem áfangastaðir og flugfélög para sig saman og eiga samtöl um tækifæri í ferðaþjónustu. Þetta var í fyrsta skipti sem Austurbrú sækir Routes. Ráðstefnan var haldin á Spáni í apríl og hitti verkefnastjóri fulltrúa frá nokkrum flugfélögum og ferðaskrifstofum. Samskipti við flugrekstrar- aðila hafa haldið áfram en allar þær upplýsingar ber að fara með sem trúnaðarmál.

Vinnustofur á Spáni

Í október 2018 fór verkefnastjóri frá Austurbrú á vinnustofu á Spáni á vegum Íslandsstofu. Vinnustofurnar voru haldnar í borgunum Madrid og Barcelona. Þar kynnti verkefnastjóri Austurbrúar fjórðunginn fyrir spænskum ferðaskrifstofum.

Mannamót var haldið í byrjun árs og yfir tvö hundruð sýnendur tóku þátt að þessu sinni, þar af tuttugu og sex frá Austurlandi en aldrei hafa jafn margir komið að austan á Mannamót. Sameiginlegt útlit sem prýðir svæði Austurlands á sýningunni vakti að venju mikla athygli en þetta er gott tákni um hvað ferðaþjónustan eystra hefur náð góðum árangri í samvinnu á síðustu árum. Það vakti athygli að undir lok sýningardags var breitt úr mottu í regnbogalitunum, innblásinni af „regnbogagötunni“ á Seyðisfirði, sem óhætt er að segja að hafi vakið athygli á síðustu tveimur árum og hefur m.a. verið notuð í markaðsefni hjá Inspired by Iceland.



Frá Mannamótum 2018.

Þá tók Austurbrú þátt í **MidAtlantic**-kaupstefnunni sem fram fór í Reykjavík í febrúar og á **VestNorden** en að þessu sinni voru það Íslendingar sem héldu utan um skipulagið og var ferðakaupstefnan haldin á Akureyri í október.

Móttaka blaðamanna

Í október var skipulögð blaðamannaferð fyrir þýskan blaðamann sem skrifaði m.a. fyrir Berliner Zeitung, Auto+Reise, Neues Deutschland, Allgemeine Zeitung o.fl.

Í maí kom blaðamaður sem skrifaði fyrir National Geographic og hafði áhuga á matarmenningu á Austurlandi. Greinin hans birtist í ágúst og var fyrrsögnin: Icelandic Originals og fjallað m.a. um lífræna ræktun á Vallanesi.

Báðar þessar ferðir voru skipulagðar með Íslandsstofu. Þá má bæta við að í hverjum mánuði voru fréttir sendar til almannatengslaskrifstofa sem vinna með Íslandsstofu og stundum skiluðu þær sér inn í aðrar fréttir og/eða blogg færslur. Árið 2019 mun Íslandsstofa reglulega senda yfirlit yfir slíkar fréttir þannig að auðveldara sé að fá yfirsýn yfir hvar fréttir af svæðinu birtast.

Handiheat

Austurbrú er aðili að verkefninu HANDIHEAT sem styrkt er í gegnum Norðurslóðaáætlun (NPA). Verkefnið er samstarfsverkefni Íslands, Norður-Írlands, Skotlands, Finnlands og Írlands og er leitt af Northern Ireland Housing Executive. Í verkefninu er unnið að því að þróa ýmis verkfæri og lausnir til að nýta staðbundar en ónýttar orkuauðlindir fyrir íbúabyggðir í dreifbýli sem ekki hafa aðgengi að hagkvæmri hitaveitu og að draga úr brennslu jarðefnaeldsneyta þar sem þau er notuð til kyndingar. Haustið 2018 var haldinn upphafsfundur í Belfast en verkefnið er styrkt til þriggja ára og stefnt er á að halda fund í verkefninu á Austurlandi haustið 2019.

Orkuskipti á Austurlandi

Verkefnið Orkuskipti á Austurlandi hefur verið starfrækt hjá Austurbrú frá haustinu 2016. Verkefninu er ætlað að stuðla að auknum rannsóknum og uppbyggingu á orkuinnviðum Austurlands með það að leiðarljósi að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Á árinu vann meistaraneminn Albert Alonso Villar að lokaverkefninu „Feasibility study on the potential methane fuel production via anaerobic digestion of organic waste in Hérað“ hjá Austurbrú. Í verkefninu skoðaði Albert möguleikana á því að vinna metan úr lífrænum úrgangsefnum á Fljótsdalshéraði en verkefnið var hluti af meistaranámi hans við Álaborgarháskóla í Danmörku.

Áfram var unnið að verkefnum um varmaendurvinnslu frá Fjarðaáli hjá Háskólanum í Reykjavík. Leó Blær Haraldsson skilaði meistaranámgerðinni „Viability of a district heating system in Fjarðabyggð using waste heat from Alcoa Fjarðaál“ sem hann vann að mestu hjá Eflu verkfræðistofu. Verkefnastjóri Austurbrúar sat reglulega fundi vegna verkefnisins og tók á móti rannsóknarhópnum í tvö skipti þegar hann kom til þess að heimsækja Fjarðaál og Fjarðabyggð. Niðurstöður verkefnisins gefa góða von um að fjarvarmaveita sem veitir heitu vatni frá Fjarðaáli og um Reyðarfjörð geti verið fjárhagslega hagkvæm

Sjö milljónum króna úr verkefninu Breiðdælingar móta framtíðina (verkefni Brothættra byggða) var þann 7. maí úthlutað til 14 samfélagsefandi verkefna í Breiðdalshreppi. Á myndinni sjást styrkþegar ásamt Jónínu Brynjólfssdóttur, verkefnastjóra Austurbrúar.



við mismunandi þarfir frumkvöðla. Með því að nýta tengslanet sitt og tengja frumkvöðla, eftir því hvar skóinn kreppir, við stoðkerfi annarra stofnana, s.s. NMÍ, Byggðastofnun, Ferðamálastofu eða einkaaðila sem veita viðeigandi þjónustu, er stutt við að frumkvöðlar fái þjónustu og þekkingu við hæfi. Þá er áhersla lögð á að skoða möguleika til fjármögnunar á fyrstu skrefum, t.d. með styrkumsóknum og skoðað hvaða styrkir eru í boði fyrir viðkomandi hugmynd. Kynningarfundur frá NMÍ, Byggðastofnun, Rannís og fleiri aðilum úr stoðkerfinu eru haldnir reglulega og möguleikar á fjármögnun frá þessum aðilum eru kynntir. Aðstoð við umsóknarferli í tengslum við Uppbyggingarsjóð er alltaf í boði í formi einstaklingsráðgjafar og vinnustofur eru haldnar á öllum starfsstöðvum Austurbrúar.

Á árinu voru verkfæri sem nýtast frumkvöðlum við að standa betur að sínu markaðs- og kynningarstarfi þróuð og er aðgangur að þeim fyrir samstarfsaðila Austurbrúar á austurland.is. Þar má m.a. finna leiðbeiningar tengdar ljósmyndatungumáli Austurlands og fleiri upplýsingar sem nýtast frumkvöðlum í sínu starfi.

Austurbrú hefur undanfarin þrjú ár verið tengiliður vegna verkefnis sem ber heitið FREE - Female Rural Enterprise Empowerment. Konur frá Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og Austurlandi taka þátt í verkefninu og hefur Austurbrú sinnt tengslaneti á svæðinu vegna þess. Markmið verkefnisins er að efla hæfni frumkvöðlakennda á landsbyggðinni.

Samstarf atvinnuþróunarfélaga

Í upphafi árs var undirritaður nýr samningur á milli atvinnuþróunarfélaga og Byggðastofnunar til næstu fimm ára í þjóðmenningarhúsinu.

Atvinnuþróunarfélögin eru átta talsins og er fundað sameiginlega tvisvar á ári; á vörfundum sem haldinn er

ef nýttir verða styrkir frá Orkusjóði. Enn á þó eftir að svara nokkrum tæknilegum spurningum varðandi fýsileika verkefnisins en það er unnið áfram hjá Eflu í samstarfi við Fjarðaál og Fjarðabyggð.

Á árinu hefur farið fram ítarleg greining á orkukerfi Austurlands sem miðar að því að teikna upp sviðsmyndir fyrir jarðefnaeldsneytislauð Austurland. Í greiningunni er horft til raforku-, varma- og eldsneytisnotkunar og framleiðslu í landshlutanum og hvernig þessir ólíku þættir orkukerfisins muni tvinnast saman í orkukerfi framtíðarinnar. Stefnt er að skila skýrslu með niðurstöðum greiningarinnar á fyrri hluta ársins 2019.

Brothættar byggðir

Markmiðið með Brothættum byggðum er að stöðva viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðakjörnum og í sveitum landsins. Verkefnið er unnið með því að fá fram skoðanir íbúanna sjálfra á framtíðarmöguleikum heimabyggðarinnar og leita lausna á þeirra forsendum í samvinnu við ríkisvaldið, landshlutasamtök, atvinnuþróunarfélag, sveitarfélagið, brottflutta íbúa og aðra. Verkefnið er samstarfsverkefni Austurbrúar, Byggðastofnunar og viðkomandi sveitarfélags.

Frá árinu 2013 hefur Breiðdalshreppur verið þátttakandi í verkefninu en útskrifaðist formlega skömmu eftir áramótin 2019. Á þátttökutímabilinu hefur styrkjum fyrir samtals 31 milljón verið veitt í samfélagsverkefni í Breiðdalshrepp og unnið að markmiðum sem skilgreind höfðu verið í upphafi verkefnistímans. Á lokaíbúafundi í janúar 2019 mátti greina almenna ánægju íbúa með hvernig til hafði tekist.

Borgarfjarðarhreppur hóf þátttöku á árinu og markaði íbúabæing í febrúar upphaf verkefnisins, þar sem stefna þess var mótuð. Nýr verkefnastjóri var ráðinn, tók til starfa í maí og hefur sinnt báðum sveitarfélögum. Á árinu hafa markmið og framtíðarsýn verið mótuð og hafist handa við að framfylgja þeim. Í desember var 7 milljónum úthlutað til margvíslegra verkefna sem koma sveitarfélaginu og íbúum til góða.

SvAust

Góðar almenningssamgöngur eru mikilvægur þáttur í eflingu byggðar en það er stórt verkefni fyrir landshlutasamtök að koma á fót heildstæðu kerfi og tryggja rekstur slíkrar starfsemi, einkum í dreifðum samfélögum. Á árinu 2018 var samningur um almenningssamgöngur við landshlutasamtökin framlengdur til ársloka 2019. Enn er unnið að framtíðarfyrirkomulagi þessarar þjónustu í samráði við Vegagerðina og samgönguráðuneytið. Stofnað var til einkahlutafélags af hálfu SSA árið 2017 um rekstur almenningssamgangna á Austurlandi og ber það heitið SvAust. Félagið hóf starfsemi í apríl 2018 og var gerður samningur við Austurbrú um daglega um umsýslu almenningssamgangna.

Aðstoð við frumkvöðla

Ráðgjöf við frumkvöðla er veitt í Austurbrú eins og undanfarin ár. Lögð er áhersla á að greina hvar frumkvöðull er staddur með sína hugmynd og hvaða aðstoð hann vantar til að komast áfram með hana. Einnig er stutt við að kortleggja hugmyndina vel og hvaða styrkleika viðkomandi hefur til að koma henni í framkvæmd.

Austurbrú hefur gott tengslanet og á í góðu samstarfi við aðra sem hafa sérhæfða þekkingu til að styðja

árlega í tengslum við ársfund Byggðastofnunar og haustfundi sem að þessu sinni var haldinn af Sambandi sveitarfélaga á Vesturlandi í byrjun nóvember. Verkefni haustfundar 2018 var að vinna að greiningu á umhverfi frumkvöðla á landsbyggðinni og taka umræðu um stoðkerfi atvinnu- og byggðapróunar á Íslandi. Austurbrú hefur áfram unnið að þessu málefni m.a. með því að vekja athygli á stöðu frumkvöðla á landsbyggðinni meðal þingmanna og ráðherra. Forsætisráðherra tilkynnti nú í febrúar á fundi á Austurlandi að unnin yrði úttekt á dreifingu styrkja ríkisins til nýsköpunar- og rannsóknarstarfs á landsvísu. Vinnan við þessa úttekt er hafin á vegum vísinda- og tækniráðs.

Austurbrú tók á árinu þátt í kynnisferð Byggðastofnunar og atvinnuþróunarfélaga til Kanada þar sem skoðuð voru ýmis verkefni á sviði atvinnu- og byggðapróunar. Fjölbreytt verkefni voru skoðuð en viðfangsefni og áskoranirnar eru ekki ósvipaðar því sem hér þekktist. Austurbrú hefur verið virkt í samtali við Byggðastofnun á ýmsum sviðum á árinu, m.a. sat stofnunin í undirbúningshópi fyrir málþing á vegum Byggðastofnunar um samþættingu áætlana sem haldið var í janúar 2019 í Hveragerði.

Leiðar- og markaðssjóður

Framkvæmdastjóri Austurbrúar situr í stjórn leiðar- og markaðspróunarsjóðs fyrir Akureyrar- og Egilsstaðaflugvöll. Á árinu var 2018 var fundað reglulega í stjórn flugþróunarsjóðs en í henni sitja

fulltrúar frá Austurbrú, Markaðsstofu Norðurlands, Isavia, Íslandsstofu, atvinnuvegaráðuneytinu, forsætisráðuneytinu og fjármálaráðuneytinu. Enn er umgjörð sjóðsins í þróun en verkefnastjórar flugvallarverkefna rýna umsóknir ásamt stjórn sjóðsins.

Mikilvægt er að unnið verði meira markaðsstarf í tengslum við sýnileika sjóðsins á erlendri grundu og hafa Austurbrú og Markaðsstofa Norðurlands lagt áherslu á að sjóðurinn verði sýnilegri. Austurland og Norðurland hafa verið mjög samstíga, bæði varðandi samtöl við ráðuneytin sem og aðra sem að umgjörð sjóðsins koma.

Innanlandsflug

Austurbrú hefur leitt umræðu á vettvangi atvinnuþróunarfélaganna og Byggðastofnunar í tengslum við hina svonefndu „skosku leið“. Framkvæmdastjóri Austurbrúar sat á árinu í starfshópi á vegum samgöngu- ráðuneytisins um uppbyggingu flugvallakerfisins á Íslandi og eflingu innanlandsflugs sem almennings- samgangna. Mjög mikil vinna lá að baki tillögum hópsins en hópurinn fundaði 25 sinnum og átti samtöl við fjölda aðila. Starfshópurinn skilaði vinnu sinni í formi skýrslu í byrjun desember til samgönguráðherra sem síðan var kynnt í ríkisstjórn. Í skýrslunni eru gerðar tillögur um breytingar á fyrirkomulagi innanlands- flugs og rekstri flugvalla og að innanlandsflug verði hagkvæmur kostur fyrir íbúa landsbyggðarinnar. Góðar undirtektir urðu við tillögunum og komu þær strax fram í samgönguáætlun sem kynnt var í febrúar 2019, sem og fjármálaáætlun sem kynnt var nýlega. Framkvæmdastjóri Austurbrúar hefur í tengslum við þessa vinnu tekið þátt í ýmsum fundum og málþingum um málefnið.





MAS

Markaðsstofur landshlutanna vinna saman að ýmsum hagsmunamálum. Þær funda átta sinnum á ári og koma hinar ýmsu samstarfsstofnanir, s.s. Íslandsstofa, Ferðamálastofa, stjórnstöð ferðamála o.fl. inn á þessa fundi til að ræða fjölmörg verkefni sem falla undir starf markaðsstofanna. Samstarfsvettvangurinn heldur sýninguna Mannamót árlega og er sýningin orðin fastur liður í markaðs- og kynningarstarfi fjölmargra ferðaþjónustuaðila á Austurlandi.

Samstarfið snýr auk þess að ýmis konar hagsmunagæslu fyrir landshlutana. Segja má að síðasta ár hafi mikil orka samstarfsvettvangsins farið í að tala fyrir auknum fjármunum út í landshlutana til að efla markaðsstofurnar. Á árinu var skrifað undir nýja samninga til þriggja ára við þær um grunnstarfsemi þeirra, sem og eftirfylgni áfangastaðaáætlana. Einnig voru á árinu gerðir verkefnasamningar til þriggja ára er tengjast verkefnum í áfangastaðaáætlun. Í dag snúa samningar markaðstofanna við Ferðamálastofu ekki að neinu leyti að markaðssetningu landshlutans og heldur því sú vinna áfram að tala fyrir auknum fjármunum til að kynna Austurland til bæði innlendra og erlendra gesta.

Menningarsamstarf á Austurlandi

Menningarsamstarf á Austurlandi er áhersluverkefni Sóknaráætlunar Austurlands, sem sagt var frá í kaflanum um SSA, og er unnið af Austurbrú.

Verkefnið er þríþætt: „Markmið verkefnisins er að tryggja áframhaldandi uppbyggingu faglegs menningarstarfs á Austurlandi, m.a. með því að tryggja stöðu menningarfulltrúa, með skilgreindum menningarverkefnum í jaðarbyggðum og eflingu menningarstöðva, m.a. á sviði fræðslu og þróunar.“

Á Austurlandi er öflug uppbygging menningar og lista um allan landshlutann. Þessi uppbygging byggir meðal annars á öflugu samstarfi til margra ára sem varð til með menningarsamningi austfirskra sveitarfélaga 2001 og stofnun Menningarráðs Austurlands og síðar Sóknaráætlun Austurlands.

Að venju var unnið að nokkrum verkefnum á árinu sem byggja á þessu samstarfi. Á árinu var barnamenningarhátíðin BRAS á Austurlandi haldin í fyrsta sinn og þótti takast vel til. Þá var á árinu metnaðarfullt samstarfsverkefni sem tengdist 100 ára afmæli fullveldis Íslands, Austfirskt fullveldi- sjálfbært fullveldi. Bæði þessi verkefni voru áhersluverkefni Sóknaráætlunar Austurlands 2018.

BRAS – menningarhátíð barna og ungmenna á Austurlandi

BRAS menningarhátíð barna og ungmenna á Austurlandi var haldin víðsvegar um Austurland snemma að hausti. Einkunnarorð hátíðarinnar voru **Pora! Vera! Gera!** Í boði var fjölbreytt dagskrá með vinnusmiðjum, leiksýningum, tónleikum og myndlistarsýningum í samstarfi við fjölmargar stofnanir.



Lógó BRAS-hátíðarinnar, hannað af Svavari Péttri Eysteinessyni.



Á Austurlandi, líkt og víða annars staðar, hefur verið horft til uppbyggingar barnamenningar síðustu ár. Fylgst hefur verið með þróun og uppbyggingu í Reykjavík og nágrenni auk þess sem horft hefur verið til Norðurlandanna varðandi það hvernig unnið er að barnamenningu. Menningarstefna ríkisins vann aðgerðaáætlun fyrir barnamenningu og til varð verkefnið [List fyrir alla](#) sem er mikilvægt verkefni fyrir barnamenningu á öllu landinu.

Til að mæta þessari þróun hefur Austurbrú unnið að uppbyggingu barnamenningar í nokkurn tíma, m.a. með því að kynna sér þróun barnamenningar bæði innanlands og erlendis. Í kjölfar þeirrar vinnu var síðan haldið málþing á vegum Austurbrúar sem hét [Kúltiveraðir krakkar](#). Á málþinginu voru nokkur erindi flutt af fólki sem hefur unnið ötullega að framgangi barnamenningar síðustu árin. Mikil og góð umræða skapaðist um mikilvægi barnamenningar og það að mikilvægt sé að halda barnamenningarhátíð á Austurlandi.

Undirbúningur að hátíðinni hófst strax undir stjórn Austurbrúar í samstarfi við Skólaskrifstofu Austurlands, menningarmiðstöðvarnar á Austurlandi; Skaftfell, Menningarmiðstöð Fljótsdalshéraðs, Tónlistarmiðstöð Austurlands auk Menningarstofu Fjarðabyggðar og Fljótsdalshéraðs. Fjármagn kom í gegnum Sóknaráætlun Austurlands, samfélagssjóð Alcoa og frá samstarfsaðilum sem einnig lögðu fram mikla vinnu við undirbúning og framkvæmd hátíðarinnar.

Ákveðið var að verja tíma og fjármagni í að vinna útlit hátíðarinnar. Vinna var lögð í að finna nafn hátíðarinnar og einkunnarorð. Grafísk vinna fyrir hátíðina var unnin af Svavari Pétri Eysteinsyni og þykir vel hafa tekist til.

Setning hátíðarinnar fór fram laugardaginn 8. september á þrem stöðum á Austurlandi; Eskifirði, Egilsstöðum og Seyðisfirði. Ákveðið var að listamennirnir sem kæmu yrðu ekki á einum stað og öllum stefnt þangað heldur yrði hann/þeir fengnir til að vera með viðburð sinn í gegnum netið á stórum skjá. Með því var sýnt fram á að vegalengdir á milli staða eru ekki eins miklar hindranir og margir halda. Listamaðurinn sem var valinn til að takast á við þetta verkefni var Daði Freyr Pétursson, tónlistarmaður.

[Stóri tónlistardagurinn](#) fór svo fram 29. september og var lokaviðburður hátíðarinnar. Sem dæmi um viðburði yfir mánuðinn voru Pétur og úlfurinn, Vera og vatnið, smiðjur með KiraKira og Futuregrapher auk Ferðalags um hundrað ára fullveldi með Berglindi Agnarsdóttur, sagnakonu.

Menningarmiðstöðvarnar þrjár voru með mjög metnaðarfull fræðsluverkefni allan mánuðinn með góðri þátttöku barna og unglinga á öllum aldri. Farið var með verkefni frá Djúpavogi til Vopnafjarðar og boðið var upp á að nemendur kæmu í miðstöðvarnar til að vinna fræðsluverkefni og njóta sýninganna í miðstöðvunum. Einnig voru sveitarfélögin Fljótsdalshérað og Fjarðabyggð með listasmiðjur í skólum sveitarfélaganna en nýjar menningarstefnur þessara sveitarfélaga leggja áherslu á listfræðslu barna og ungmenna auk þess að efla menningarlausu. Samstarfsaðilarnir voru mjög ánægðir með hátíðina og áhugi er fyrir því að halda aftur BRAS-hátíð sem verður yfirfarin og endurbætt áður en blásið verður aftur til leiks.

Nánari upplýsingar um BRAS fást á heimasíðu hátíðarinnar, [bras.is](#) og á Facebook.

Austfirskt fullveldi – sjálfbært fullveldi

Austfirskt fullveldi – sjálfbært fullveldi var framlag frá Austurlandi til að minnast 100 ára fullveldisafmælis Íslands árið 2018. Verkefnið gekk mjög vel og varð talsvert stærra í sniðum en fyrirhugað var.

Aðdragandinn var sá að Austurbrú kallaði saman aðila á Austurlandi sem gætu haft áhuga á samstarfi um að gera 100 ára fullveldisafmælinu skil, meðal annars Skólaskrifstofunni, sveitarfélögum og söfnum. Eftir undirbúning var ákveðið að Austurbrú yrði framkvæmdaaðili að verkefninu. Fengnir voru tveir hönnuðir til samstarfs, voru þeir með í allri hugmyndavinnu og settu upp sýningar. Sérfræðingur í menntun til sjálfbærni kom einnig inn í verkefnið og þessi samvinna ólíkra aðila leiddi til þess að útfærsla og áhersla verkefnisins var á „fullveldi“ Austurlands í bland við sjálfbært samfélag.

Settar voru upp fjórar sýningar á fjórum stöðum sem sögðu sögu ungmenna á Austurlandi 1918 og 2018. Inn í þessar sögur var gengið út frá heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Talsverð vinna fór fram hjá söfnunum í að finna bréf og upplýsingar frá upphafi tuttugustu aldarinnar eða kringum 1918 til þess að búa til raunhæfar sögur.

Sýningarnar voru opnaðar á hverjum stað 17. júní og á sama tíma var heimasíða verkefnisins opnuð. Söfnin sem settu upp sýningar voru Tæknimínjasafnið á Seyðisfirði, Randólfssjóhús á Eskifirði, Mínnjasafn Austurlands á Egilsstöðum og Gunnarsstofnun að Skriðuklaustri. Sýningarnar stóðu svo uppi til 1. desember en þá voru þær fluttar í Menntaskólann á Egilsstöðum (ME) og settar upp í hátíðarsal skólans sem hluti af hátíðarhöldunum sem fóru þar fram og voru hluti af verkefninu.

Samstarfsaðilar héldu hátíð í ME þann 1. desember og var þar áhersla á ungt fólk og framtíðina. Fjölbreytt hátíðardagskrá var í boði og athyglisvert að sjá hversu mikinn undirbúning nemendur og kennarar ME höfðu lagt í hana. Samhliða var gefið út sérblað um verkefnið í samvinnu við Austurgluggann og kom það út í lok nóvember. Var því dreift inn á öll heimili í fjórðungnum.


Nánari upplýsingar má fá á heimasíðu verkefnisins: austfirsktfullveldi.is

Dagar myrkurs

Eins og mörg undanfarin ár hélt Austurbrú utan um og markaðssetti Daga myrkurs á Austurlandi. Menningardagskrá fór fram víðsvegar um Austurland frá 29. október til og með 3. nóvember. Nokkuð mismunandi hefur verið síðustu ár hversu mikið stofnanir, sveitarfélög og fyrirtæki hafa séð ástæðu til að taka þátt í mótun dagskrár Daga myrkurs. Á Djúpavogi var haldin vegleg hátíð sem tekið var eftir



Í tilefni af 100 ára fullveldisafmæli voru settar upp sýningar á Austurlandi sem sögðu sögu ungmenna árið 1918 og 2018. Sögurnar endurspegluðu heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.





langt út fyrir landshlutann og var mjög ánægjulegt að fylgjast með því hversu vel tókst til þar. Fyrirhugað er að vinna nýjar áætlanir fyrir árið 2019 í góðu samtali við mismunandi aðila á Austurlandi til að taka ákvörðun um það hvort vilji er til að halda þessari hátíð áfram og efla enn frekar.

Menningarmiðstöðvar og efling jaðarsvæða á Austurlandi

Samkvæmt samningum er það hlutverk Austurbrúar að halda fundi með menningarmiðstöðvunum og vinna að sameiginlegum vettvangi þeirra á milli. Reglulegir fundir eru haldnir og hefur barnamenning verið aðalsamstarfsvettvangurinn síðustu tvö árin. Sérstakt fjármagn er lagt til að efla menningu í jaðarbyggðunum á Austurlandi, Vopnafirði og Djúpavogi.

Samstarf við Vopnafjarðarhrepp

Fyrri hluta árs var samstarf Austurbrúar og Vopnafjarðarhrepps með svipuðu sniði og árið áður. Starfsmaður Austurbrúar sinnti ýmsum störfum menningarmálafulltrúa á borð við skipulagningu og framkvæmd menningarviðburða. Seinni hluta árs lá samstarf Austurbrúar og Vopnafjarðarhrepps tímabundið niðri þar sem starfsmaðurinn á Vopnafirði fór í leyfi. Nýr starfsmaður hóf störf í desember og mun samstarfið taka einhverjum breytingum með áherslum nýs sveitarstjóra.

Miðstöð menningarfræða

Þann 25. september 2015 var gerður samningur milli Seyðisfjarðarkaupstaðar og Sambands sveitarfélaga

á Austurlandi um eflingu menningar á Seyðisfirði. Samningurinn gildir til ársloka 2019 og kom í kjölfar samnings ríkisins við Samband sveitarfélaga á Austurlandi um Sóknaráætlun landshlutans. Elfa Hlín Pétursdóttir er verkefnastjóri Miðstöðvar menningarfræða með aðsetur á Seyðisfirði.

Verkefni ársins 2018 voru margvísleg en þau voru flest unnin í náinni samvinnu við Seyðisfjarðarkaupstað, Skaftfell, miðstöð myndlistar á Austurlandi og Tæknimínjasafn Austurlands.

Verkefnastýring og umsjón var höfð með tónleikaröðinni Bláu kirkjunni. Tónleikaröðin er orðin vel þekkt um allt land og berast ávallt margar umsóknir frá tónlistarfólki í fremstu röð. Á árinu voru haldnir sex tónleikar og fólst starfið í skipulagningu dagskrár, samskiptum við tónlistarfólk, markaðssetningu, bókhaldi og öðru því sem tengist tónleikaröðinni.

Starfsmaður Miðstöðvar menningarfræða var verkefnastjóri fyrir Fullveldisafmælisverkefni Austurbrúar sem getið er um fyrr í þessum kafla. Þá vann verkefnastjórinn að endurútgáfu Húsasögu Seyðisfjarðar í samstarfi við Seyðisfjarðarkaupstað og að verkefninu „Verndarsvæði í byggð á Seyðisfirði“. Samnorrænt verkefni á vegum Austurbrúar var jafnframt í umsjá verkefnastjórans. Um er að ræða verkefni sem heitir New Nordice Voice og er styrkt af NORA-sjóðnum. Þetta er verkefni sem snýr að sjálfbærri ferðaþjónustu og matarmenningu í Norður-Atlandshafi. Samstarfslöndin eru Færeyjar, Grænland, Noregur og Danmörk.



Styrkhafar Uppbyggingarsjóðs árið 2018. Myndin tekin í Sköpunarmiðstöðinni á Stöðvarfirði.
Mynd: Andrés Skúlason

Uppbyggingarsjóður Austurlands

Uppbyggingarsjóður Austurlands varð til árið 2015 samhliða Sóknaráætlun Austurlands og hefur verið úthlutað árlega úr sjóðnum síðan 2015. Ákvæði er í samningi ríkisins og Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) um Sóknaráætlun landshlutans þess efnis að lágmark 55% af grunnframlaginu skuli renna í Uppbyggingarsjóð Austurlands.

Vinna við umsýslu Uppbyggingarsjóðs fer fram allt árið. Mesta vinnan er í kringum umsóknarferlið, við frágang gagna til fagráða og úthlutunarnefndar, auk samningagerðar og frágangs að lokinni úthlutun styrkja. Þá fer mikill tími í það að lesa yfir og meta framvindu- og lokaskýrslur allra verkefna sem hlutu styrki. Verkerlar eru í nokkuð föstum skorðum og þekkja flestir orðið hvenær auglýst er eftir umsóknum. Ný fagráð og úthlutunarnefnd skipuð af Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi tekur til starfa að vori. Úthlutunarnefndin fundar að hausti og ákveður tímasetningar og annað í kringum umsóknarferlið, í framhaldi af því er auglýst eftir umsóknum síðari hluta árs í október eða nóvember. Umsóknarfrestur rennur að öllu jöfnu út í desember og er markmiðið að úthluta styrkjum í lok janúar eða byrjun febrúar. Þessi markmið hafa náðst síðustu ár. Ný úthlutunarnefnd var skipuð vorið 2018 af stjórn SSA auk nýrra fagráða og var þeim ætlað að vinna með umsóknir fyrir árið 2018. Eins og verklagsreglur sjóðsins gera ráð fyrir á ákveðin endurnýjun í fagráðum og úthlutunarnefnd að eiga sér stað og eru því alltaf nýir aðilar að koma inn. Nöfn fulltrúa í fagráðum og úthlutunarnefndum má alltaf finna á heimasíðu Austurbrúar.

Úthlutun styrkja úr Uppbyggingarsjóði Austurlands fór fram í Sköpunarmiðstöðinni á Stöðvarfirði þann 12. febrúar 2018, úthlutað var rúmum 60 milljónum króna til yfir 80 verkefna sem efla munu atvinnuþróun og menningu í landshlutunum. Þetta var fjórða úthlutun sjóðsins sem hefur það hlutverk að styrkja menningar-, nýsköpunar-, og atvinnuþróunarverkefni í samræmi við sóknaráætlun landshlutans.

Alls bárust 117 umsóknir sem er svipaður fjöldi og síðustu ár. Áætlaður heildarkostnaður verkefna var

719 m.kr. en sótt var um styrki fyrir 176 m.kr, þar af 112 m.kr. til menningarmála og 64 m.kr. til nýsköpunar- og atvinnuþróunar. Til úthlutunar voru 60.948.500 kr. í 81 styrk. Til menningarmála voru veittir 54 styrkir upp á 32.500.000 kr. og 27 styrkir til atvinnuþróunar upp á alls 28.448.500 kr. Áætlaður heildarkostnaður verkefna sem hlutu styrk eru 388 m.kr.

Verkefni voru fjölbreytt eins og áður. Í úthlutunarreglum Uppbyggingarsjóðs Austurlands var sérstaklega kallað eftir verkefnum sem tengdust 100 ára fullveldi Íslands. Fimm slík verkefni hlutu styrk og voru það eftirfarandi verkefni:

Austfirskt fullveldi

Þar var ætlunin að varpa upp spurningum um samspil fullveldis og sjálfbærni í austfirsku samfélagi fyrr og nú og miðla niðurstöðunum m.a. með sýningum á söfnum og fræðsluefni fyrir öll skólástig.

„Gammur, griðungur, dreki og bergisi“

Sýning í Ríkarðssafni í Löngubúð á Djúpavogi þar sem forn skjaldarmerki Íslands voru skoðuð og greind. Landvættaskjaldarmerki Íslands 1919 eftir Ríkarð Jónsson var skoðað sérstaklega.

Vaki þjóð: Erlusjóður

Menningarviðburður sem haldinn var á Vopnafirði 17. júní 2018. Flutt voru erindi um ævi og verk Þorsteins Valdimarssonar skálds og tónlist við ljóð hans var flutt af tónlistarfólki.

FROST 1918 RÓS 2018

Hönnun og framleiðsla nytjahluts/minjagrips sem endurspeglar 100 ára vegferð íslensku þjóðarinnar í tilefni af aldarafmæli fullveldisins.

Skandinavismi og fullveldi

Málþing sem Gunnarsstofnun stóð fyrir. Til umræðu var spurningin um það hvernig skoðanir Gunnars Gunnarssonar um sameinuð Norðurlönd (skandinavismi) og baráttan fyrir fullveldi Íslands og sjálfstæði þjóðarinnar mætast.

Þá vakti athygli mikil gróska í uppbyggingu og markaðssetningu ferðaþjónustu, matvælaframleiðslu auk viðburða af fjölbreyttum toga. Mörg menningarverkefni tengjast barnamenningu og áætlunum um að efla sjálfsvitund barna í gegnum menningu og listir. Þetta var áhugaverð nýjung sem styrkti við fyrstu barnamenningarhátíð á Austurlandi BRAS sem haldin var haustið 2018.



Eiríkur Hilmarsson, formaður úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs Austurlands, flutti erindi á úthlutun Uppbyggingarsjóðs en hann lést langt fyrir aldur fram í ágúst árið 2018.
Mynd: Andrés Skúlason

Verkefni tengd menntun og rannsóknnum

Eitt meginmarkmið Austurbrúar er að stuðla að fjölbreyttum menntunarmöguleikum fullorðins fólks á Austurlandi og vera samstarfsvettvangur fyrir aðila er vinna að verkefnum á sviði menntunar fullorðinna. Austurbrú vinnur að menntamálum samkvæmt óskum og þörfum atvinnulífs og almennings, bæði hvað varðar símenntun ófaglærðra og verkefni sem tengjast uppbyggingu á auknu framboði háskólanáms á svæðinu, auk þess að veita háskólanemum á Austurlandi margvíslega þjónustu. Austurbrú stuðlar að og hvetur til rannsókna á Austurlandi og sinnir rannsókn- og greiningarverkefnum á verksviði stofnunarinnar eftir því sem fé fæst til.

Símenntun

Starfsmenn Austurbrúar kynna, miðla og skipuleggja nám sem einstaklingar og fyrirtæki í fjórðungnum kunna að þurfa og óska eftir hverju sinni. Árlega er haldinn fjöldi námskeiða fyrir ólíka hópa. Námskeið og námsleiðir sem Austurbrú stendur fyrir eru mismunandi að lengd og uppbyggingu, allt frá nokkurra klukkustunda námskeiðum til námskeiða sem standa yfir í margar annir. Auk námskeiða samkvæmt námskrám Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins voru haldin námskeið í íslensku fyrir útlendinga, námskeið fyrir fatlaða samkvæmt samningi við Fjölmenn, starfstengd námskeið ýmis konar, t.d. í tengslum við fræðsluáætlanir og annars konar námskeið af ýmsu tagi fyrir fyrirtæki og ýmsa hópa. Árið 2018 sóttu um 170 nemendum í 12 hópum nám samkvæmt námskrám Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Um 60 önnur námskeið voru haldin á vegum Austurbrúar og þau sóttu um 580 nemendur.

Námsleiðir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins

Stóriðjuskólinn

Eitt af stærri verkefnum Austurbrúar er Stóriðjuskólinn sem rekinn er í samstarfi við Alcoa Fjarðaál. Námið er samkvæmt námskrá frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og ber nafnið Nám í stóriðju. Það skiptist í sex annir, annars vegar þrjár annir í grunnnámi og hins vegar þrjár annir í framhaldsnámi. Kennsla fer fram einu sinni í viku, frá átta til fjögur og eru kenndir um fimmtán dagar á önn í grunnnámi en nítján dagar í framhaldsnámi. Námið skiptist í almennar bóklegar greinar, t.d. eðlisfræði, stærðfræði, ensku og tölvur en hins vegar námskeið sem tengjast álfraleiðslu beint. Þar má nefna vinnu í kerskála og steypuskála, umhverfis-, heilsu- og öryggismál á vinnustaðnum. Bæði grunn- og framhaldsnámi lýkur með lokaverkefni þar sem nemendur velja sér viðfangsefni tengd starfinu og þá oftast en ekki eitthvað sem þeir vilja betrumbæta.

Á árinu 2018 voru nemendur í grunn- og framhaldsnámi rúmlega fimmtíu. Yfirleitt halda flestir sem ljúka grunnnámi áfram í framhaldsnám og nýir hópar í grunnnámi taka við, svo ekki er fyrir séð að nemendum í þessu námi fækki á næstunni.

Fagnámskeið fyrir starfsfólk í leikskóla

Fagnámskeið starfsmanna leikskóla er 210 kennslustunda grunnám frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Námið lýtur að umönnun og gæslu leikskólabarna og er ætlað þeim sem starfa á leikskólum, eru eldri en 20 ára og hafa ekki lokið formlegu framhaldsskólanámi. Fagnámskeið starfsmanna leikskóla er 210 af 230 kennslustundum sem eru fullnægjandi undirbúningur fyrir leikskólabrú framhaldsskóla. Námsleiðin

Mynd: Sebastian Ziegler





er þrjár annir, hófst í september 2017 og lauk í desember 2018. Í þessu námi voru 16 konur af erlendu bergi brotnar. Þær eiga það sameiginlegt að vinna í leikskólum Fjarðabyggðar. Starfsreynsla þeirra er afar misjöfn og misjafnt hve langt er liðið frá því þær voru síðast í skóla. Engar kröfur eru gerðar til lágmarksskólagöngu áður en nám hefst og namar gangast ekki undir formleg próf. Tímar fóru fram einu sinni í viku og heimaverkefni unnin.

Meðferð matvæla

Meðferð matvæla er 60 kennslustunda námsleið frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins sem kennd var þrjár helgar á haustönn 2018. Skipulag náms var í nánu samstarfi við Hússtjórnarskólann á Hallormsstað og fór verklegt nám fram þar í góðu yfirlæti. Námið er ætlað einstaklingum 20 ára og eldri sem ekki hafa lokið formlegu námi á framhaldsskólastigi og starfa eða hafa hug á að starfa við meðferð matvæla. Þessu námi luku 15 einstaklingar og mæltist námið afar vel fyrir.

Menntastoðir

Námsleiðin Menntastoðir hófst um miðjan september 2017 og lauk með útskrift 2. júní 2018. Námsleiðin er fyrir þá sem vilja koma sér aftur af stað í námi en útskrift úr Menntastoðum gildir sem aðgangur í frumgreinadeildir eða háskólabrú sem þaðan getur opnað leiðir til háskólanáms. Einnig hafa nemendur notað námsleiðina til að klára bóklegan hluta kjarnagreina í iðnnámi. Hægt var að taka staka áfanga námsleiðarinnar og voru nokkrir sem nýttu sér það. Til að koma til móts við íbúa í dreifbýli var námsleiðin

kennd í fjarnámi. Árangur nemenda var góður og ekkert brottfall sem telja má afar góðan árangur. Kennarar settu námsefnið upp á kennsluvef og var það kennt í lotum þannig að eitt fag var undir í senn. Mæting var í staðlotur nokkrum sinnum yfir önnina og einnig boðið uppá vikulega stoðtíma. Almennt voru þátttakendur ánægðir með fyrirkomulagið og töldu það henta vel með vinnu og fjölskyldulífi. Hluti nemenda er nú þegar kominn í frekara nám; iðnnám, háskólabrú og háskóla. Stefnt er á að Menntastoðir verðir kenndar annað hvert ár.

Íslensk menning og samfélag (Landnemaskólinn)

Í október hófst kennsla á námsleiðinni Íslensk menning og samfélag sem áður kallaðist Landnemaskólinn. Námsleiðin er ætluð innflytjendum sem náð hafa nokkuð góðum tókum á íslensku og vilja bæta við sig færni í málinu umfram þau stig íslensku sem kennd eru fyrir innflytjendur. Námsleiðinni fylgir ýmis önnur fræðsla, s.s. um velferðarkerfið, atvinnulíf, skatta, menningu og farið er í vettvangsferðir, s.s. á upplestur Aðventu á Skriðuklaustri, körfuboltaleik og List í ljósi. Í þetta sinn var safnað í hóp á Fljótsdalshéraði en 6 ár eru síðan síðast var hópur þar á þessari námsleið. Nemendur eru 13 og hittast vikulega í tímum með kennara auk þess sem kennsluvefurinn er notaður svo nemendur sem ekki eru búsettir á Fljótsdalshéraði geti sinnt því námi í gegnum netið. Umsjónarmaður námsleiðarinnar er Stefanía Valdimarsdóttir íslenskufræðingur sem lengi hefur sinnt íslenskukennslu fyrir innflytjendur. Auk hennar koma að námsleiðinni ýmsir gesta fyrirlesarar.

Samstarf við Starfsendurhæfingu Austurlands

Samstarfið fólst m.a. í kennslu tveggja námsleiða Fræðslumiðstöðvarinnar. Auk þessara námsleiða eru haldin ýmis námskeið sem fram fara í húsakynnum StarfA. Austurbrú skipar fulltrúa í stjórn StarfA.

Stökkpallur

Áhersla er lögð á að byggja upp samskiptafærni, efla sjálfstraust og þjálfá þátttakendur til atvinnuþátttöku í mismunandi starfsumhverfi og til áframhaldandi náms. Þátttakendur vinna markvisst að eigin færniuppbyggingu með markmiðasetningu, þjálfun í samskiptum og tjáningu, auknu fjármálalæsi, skipulögðum vinnubrögðum við upplýsingaleit og aukinni hæfni til að taka þátt í námi og starfi. Markmið námsins er að auka starfshæfni þátttakenda og gera þá meðvitaðri um eigin styrkleika. Námið samanstendur af námskeiðum og fyrirlestrum auk verkefnavinnu.

Myndlistarsmiðja

Markmiðið er að þátttakendur læri vinnuferli í gerð myndlistaverka og framsetningu þeirra undir handleiðslu sem miðast við nýliða í skapandi starfi. Áhersla er lögð á undirstöðuþekkingu, leikni og hæfni fyrir nýliða á sviði sköpunar og framsetningar, að þátttakendur læri og tileinki sér sjálfstæð og öguð vinnubrögð auk þess sem þeir efla samvinnu og samskiptafærni sína.

Íslenska fyrir útlendinga

Á árinu voru haldin tólf námskeið í íslensku fyrir útlendinga og var fjöldi þátttakenda rúmlega hundrað. Þetta er mikil aukning frá síðasta ári og í raun meiri fjöldi en reiknað hafði verið með. Stærri styrkir fengust frá Rannís fyrir námskeiðahald 2019 og útlit er fyrir að fjöldi námskeiða aukist um allt að því helming. Þar að auki er verið að fara af stað með nokkur mentor-verkefni á vinnustöðum þar sem starfsmenn eða starfsmannasjóðir fá sérstaka greiðslu fyrir að hafa erlenda samstarfsmenn í handleiðslu í íslensku.

Raunfærnimat

Markmið raunfærnimats er að meta óformlegt nám til eininga og staðfesta hæfni einstaklingsins.

Raunfærnimat án samstarfseininga

Árið 2018 þjónustaði Austurbrú fimm aðila sem tóku raunfærnimat í skipstjóranum í gegnum Visku í Vestmanna eyjum. Tóku þessir aðilar raunfærnimatið á skrifstofum Austurbrúar, ráðgjafi sá um tengingu og var stuðningsaðili í matinu. Ráðgjafi Austurbrúar aðstoðaði tvo þessara aðila við að finna nám eftir matið.

Raunfærnimat í fiskvinnslu

Náms- og starfsráðgjafi Austurbrúar var bæði verkefnastjóri og ráðgjafi í raunfærnimati í fiskvinnslu.

Haustið 2017 hófst undirbúningur fyrir raunfærnimat í fiskvinnslu en Austurbrú hafði fengið fjárveitingu fyrir verkefninu frá Fræðslusjóði í janúar 2017. Matsaðili var fenginn austur og sá um allt matið. Fimmtán luku mati, níu frá Granda á Vopnafirði, fimm frá SVN í Neskaupstað og einn frá Loðnuvinnslunni á Fáskrúðsfirði. Matið fór fram á Vopnafirði og í Neskaupstað dagana 16.-19. janúar. Matinu var fylgt eftir með viðtölum þar sem m.a. var kannaður áhugi þátttakenda á að skrá sig í nám.

Raunfærnimat í þjónustugreinum

Náms- og starfsráðgjafi var bæði verkefnastjóri og ráðgjafi í raunfærnimati í þjónustugreinum. Fjárveiting fékkst í verkefnið í janúar 2018. Matið fór fram á tveimur námsbrautum; leikskólaliða og stuðningsfulltrúa í grunnskóla. Þátttakendur komu frá Neskaupstað, Reyðarfirði, Fáskrúðsfirði, Egilsstöðum, Seyðisfirði og Vestmannaeyjum. Alls luku ellefu aðilar mati. Einum var bent á aðra símenntunarstöð þar sem kvótinn kláraðist, en viðkomandi fór samt sem áður í matið á skrifstofu Austurbrúar í Neskaupstað og fékk aðstoð frá ráðgjafa við sjálfsmat og skráningu.

Flestir, eða sjö konur, fóru í matið í Neskaupstað dagana 11.-13. maí og sáu sex matsaðilar um matið í gegnum Skype. Fjórar konur fóru í matið á öðrum tímum á Reyðarfirði og Egilsstöðum en var þá einungis einn matsaðili sem sá um alla áfanga matsins.

Ráðgjafi fylgdi öllum þátttakendum eftir með viðtali þar sem næstu skref voru ákveðin.

Samstarfseiningar við Iðuna

Alls luku tíu manns raunfærnimati árið 2018 í samstarfi við Iðuna; fjórir í vélvirkjun, tveir í húsmíði, tveir í matartækni, einn í múraraiðn og einn í netagerð. Námsráðgjafi sá þá að stórum hluta um samskipti við nemandann; upplýsti hann um fyrirkomulag, aðstoðaði við að fá þau gögn sem þarf til að viðkomandi yrði samþykktur inn í matið, aðstoðaði hann við að fylla út matslista og almenna skráningu, fann tímasetningu fyrir matið í samráði við Iðuna, sá um allar tengingar í matinu, útvegaði aðstöðu og var stuðningsaðili í sjálfru matinu.



Fræðsluáætlanir fyrirtækja

Austurbrú vinnur fræðsluáætlanir fyrir fyrirtæki og stofnanir á Austurlandi þar sem byggt er á aðferðafræði Markviss ráðgjafar. Ráðgjafarnir vinna greiningu á fræðsluþörfum starfsfólks í samvinnu við starfsmenn og stjórnendur. Í framhaldinu verður til fræðsluáætlun, oftast til nokkurra ára í senn. Fræðsluáætlunin inniheldur skipulag fyrir menntun og þjálfun starfsfólks. Austurbrú hefur sinnt framkvæmd þessara áætlana og árið 2018 voru í gildi áætlanir fyrir félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs, Síldarvinnsluna í Neskaupstað og leik- og grunnskóla á Héraði. Áætlun félagsþjónustunnar gilti út árið 2018 og verið er að undirbúa nýja áætlun í samvinnu við félagsþjónustuna í Fjarðabyggð. Áætlanir SVN og skólanna gilda út árið 2020.

Hafin var vinna við gerð nýrrar áætlunar fyrir bæjarskrifstofu Fljótsdalshéraðs sem mun koma til framkvæmda vorið 2019 og gilda út árið 2021. Einnig var á haustönn 2018 unnin fræðsluáætlun fyrir starfsfólk sundlauga og íþróttahúsa á Fljótsdalshéraði, í Fjarðabyggð og á Seyðisfirði. Hófst framkvæmd áætlunar í janúar 2019. Á árinu 2018 var einnig hafin vinna við fræðsluáætlun Loðnuvinnslunnar sem mun ljúka vorið 2019. Haldin voru fjölbreytt námskeið fyrir starfsfólk fyrirtækjanna, námskeiðin voru vel sótt og almenn ánægja var með fyrirkomulagið. Góð reynsla af fræðsluáætlunum hefur aukið eftirspurn eftir slíku á Austurlandi og liggur nú fyrir að setja af stað áætlun fyrir Vopnafjarðarhrepp á árinu 2019.

Samstarf við Fjölmenn

Austurbrú hefur umsjón með námsleiðum fyrir fólk með fötlun á Austurlandi. Fjármögnun kemur frá Fjölmenn, símenntunar- og þekkingarmiðstöð, sem jafnframt sinnir ráðgjöf og stuðningi við fræðslustofnanir varðandi nám og símenntun fyrir fatlað fólk á Íslandi. Haldin voru 12 námskeið á árinu 2018. Á vorönn voru haldin námskeið í pappamassa og tálgun auk þess sem listahópur og myndlistarhópur störfuðu. Báðar annir var námskeiðið *Hugsum vel um okkur* í gangi en það er líkamsræktarnámskeið í samstarfi við Cross-Fit Austur. Á haustönn voru haldin námskeið í tónlist og málun auk námskeiðs í jólahandverki í desember. Þess utan var lögð áhersla á hreyfingu og útivist.



Náms- og starfsráðgjöf

Náms- og starfsráðgjöf er mjög mikilvæg fyrir fólk með litla eða enga menntun, ekki síst á landsbyggðinni þar sem menntunarskiptið er almennt lægra en á höfuðborgarsvæðinu og minna um námsframboð. Náms- og starfsráðgjöf fyrir fullorðna hefur verið sinnt á Austurlandi á vegum Austurbrúar. Samningur við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins veitir Austurbrú fjárhagslegan styrk til að sinna verkefninu.

Náms- og starfsráðgjafi er í 75% stöðu hjá Austurbrú en sinnir þó fleiri verkefnum samhliða. Ráðþegar árið 2018 voru 322, í markhópi voru 86% en 14% voru með formlega menntun og falla því utan markhóps.

Í upphafi árs fór fram raunfærnimat í fisktækni þar sem matsaðili kom austur frá Reykjavík og farið var á Vopnafjörð og Neskaupstað með matið. Í kjölfarið var svo raunfærnimat í Leik- og grunnskólabraut, en það mat fór fram í gegnum Skype í Neskaupstað, Reyðarfirði og Egilsstöðum (sjá nánar í kafla um raunfærnimat). Í kringum þessi verkefni voru mörg viðtöl tekin og þeim þátttakendum sem það vildu leiðbeint áfram í nám.

Námsráðgjafi ferðast talsvert til að koma til móts við ráðþega. Flestar ferðir voru á Reyðarfjörð og í Egilsstaði frá Neskaupstað en ráðgjafi fer þangað að lágmarki einu sinni í viku. Eins voru ferðirnar nokkrar á Vopnafjörð, einkum í tengslum við raunfærnimat í fisktækni. Alltaf er reynt að koma til móts við

ráðþegan varðandi staðsetningar viðtala. Akstursstyrkur frá Fræðslumiðstöðinni kláraðist í kringum apríl og fékkst ekki frekara fjármagn í akstur það ár. Að sjálfsögðu hélt ráðgjafi þó áfram að keyra á milli og þjónusta ráðþega.

Námsráðgjafi sinnir mikið einstaklingum sem leita til hans að eigin frumkvæði. Sumir hafa samband eftir kynningu á vinnustöðum og þá jafnvel mörgum mánuðum síðar. Þjónustan spyrst smám saman út og margir fréttu af henni frá vinum, kunningjum og samstarfsfólki. Eins er talsvert vísað á námsráðgjafa í gegnum VIRK, Starfsendurhæfingu Austurlands og Vinnuálastofnun. Langflestir sem leita til námsráðgjafa vilja hefja nám, oft eftir langt hlé frá námi. Fólk sækist eftir aðstoð við að átta sig á áhugasviði sínu, fær þá viðtal og sumir taka áhugasviðskönnun. Ýmsir þurfa aðstoð við að skoða hvaða nám er í boði, bæði í framhaldsskóla og háskóla, hvernig menntakerfið virkar, hvað þeir þurfa til að vera gjaldgengir í háskólanám o.fl. Einstaklingar þurfa oft aðstoð við að skoða hvað þeir eru búnir með og hvaða leið er best. Þeir sem eru að skoða háskólanám vilja búa áfram fyrir austan og sækjast því eftir fjarnámi.

Evrópuverkefnið „Life & Health, health promoting communities“

Austurbrú er þátttakandi í verkefninu *Life & Health, health promoting communities* eða *Líf og heilsa í heilsuefandi samfélögum*. Verkefnið, sem er styrkt af Erasmus+-áætlun Evrópusambandsins, er til tveggja ára og hefur það markmið að stuðla að heilsuefingu fullorðinna með fræðslu og vitundarvakningu.

Þátttakendur, auk Austurbrúar, eru SÍBS frá Íslandi sem stýrir verkefninu, LHL í Noregi og Cesie á Ítalíu.

Byggt er á forvarnaverkefninu *SÍBS Líf og heilsa* sem SÍBS hefur unnið í samstarfi við heilbrigðisstofnanir og sveitarfélög um allt land þar sem almenningi býðst ókeypis heilsufarsmæling og þátttaka í spurningakönnun um heilsufar, líðan og lífnaðarhætti.

Jafnframt hefur SÍBS í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Austurbrú unnið námskrána *Líf og heilsa, lífsstílsþjálfun* sem meta má til eininga innan framhaldsskólakerfisins. Markmið námsins er að auka þekkingu námsmanna á áhrifaþáttum heilsu, leikni þeirra í heilsulæsi og hæfni til að taka ábyrgð á eigin heilsu. Heilsufarsmælingar, spurningakönnun og námskrá verður aðlöguð og kennd í tilraunaskyni hjá samstarfsaðilum CESIE á Ítalíu og LHL í Noregi.

Ásamt því að taka þátt í öllum þáttum verkefnisins er meginhlutverk Austurbrúar að prufukeyra námskrána hér á Austurlandi og deila reynslunni til samstarfsaðila.

Verkefnið hófst með fundi þátttakenda í Reykjavík þann 25. september 2018 og líkur með ráðstefnu sumarið 2020 þar sem niðurstöður þess verða kynntar.

Háskólaþjónusta

Áætlað er að háskólaþjónusta Austurbrúar hafi á árinu 2018 þjónað á milli 150-200 háskólanemum á einhvern hátt en er erfitt er að gefa upp nákvæma tölu nemenda því mismunandi er hvernig og hversu lengi þeir nýta þjónustu Austurbrúar. Fjöldi þeirra sem tekur próf gefur heldur ekki endanlega mynd af fjölda nema því heimapróf og verkefnaskil koma stundum í stað prófa og staðnemar frá háskólunum taka stundum prófin í heimabyggð en nýta enga aðra þjónustu. Á vorönn tóku 155 nemendur próf hjá Austurbrú en 139 á haustönn. Samtals tóku þessir nemar um 750 próf hjá Austurbrú árið 2018 sem er örlitlu minna en árin á undan. Prófaumsýsla er töluvert umfangsmikil í starfi Austurbrúar. Auk háskólaþrófa eru þar tekin ýmskonar réttindapróf, próf í íslensku vegna ríkisborgararéttar og A-próf vegna inntöku nemenda í sumar greinar í háskóla. Próf af einhverju tagi fara fram nánast allan ársins hring. Þau þarf að umsýsla eftir ströngum reglum um meðhöndlun prófa, skönnun og sendingu prófurlausna og eyðingu persónugreinanlegra gagna. Önnur þjónusta við háskólanemendur var með svipuðu sniði árið 2018 og áður. Nemendur eiga kost á að sækja fundi í fjarfundabúnaði, nokkrir tugir hafa lesaðstöðu í starfsstöðvum stofnunarinnar og margir fá leiðbeiningar og aðstoð varðandi nám, s.s. námstækni, skipulag verkefna og ráðgjöf vegna prófkvíða.

Framboð á námsgreinum í fjarnámi frá íslenskum háskólum hefur að mestu staðið í stað undanfarin ár og nemendafjöldi einnig. Nemendur á Austurlandi eru úr öllum háskólunum nema Listaháskóla Íslands. Flestir stunda nám við Háskólann á Akureyri og næstflestir við Háskóla Íslands. Flestir nemendur sóttu þjónustu til starfsstöðvarinnar á Egilsstöðum, Reyðarfjörður kemur þar næst og síðan aðrar starfsstöðvar.

Háskólaþjónusta

Austurbrú hýsir undirbúningsverkefni um stofnun háskólaþjónustar á Austurlandi. Stýrihópur yfir verkefninu skipaður fulltrúum sveitarfélaga, fyrirtækja og framhaldsskóla á Austurlandi og Háskólans á Akureyri lagði línur um verkefnið. Sérstakur verkefnastjóri kom til starfa haustið 2018 til að vinna að tillögum um stofnun og fyrstu verkefni fyrirhugaðs háskólaþjónustar. Gert er ráð fyrir að vinna við mótun þessa verkefnis haldi áfram 2019.



Rannsóknaverkefni

Rannsóknaverkefni eru af tvennum toga; annars vegar verkefni sem fyrirtæki og stofnanir kaupa og hins vegar verkefni sem Austurbrú hefur frumkvæði að og rúmast innan fjárhagsáætlunar en einnig eru sóttir ýmsir styrkir. Rannsóknir unnar innan Austurbrúar voru kynntar á ráðstefnunni *Nordic ruralities* sem árið 2018 var haldin í Danmörku. Um er að ræða samnorræna ráðstefnu sem kynnir allt það helsta sem fram er að koma í dreifbýlisrannsóknnum. Austurbrú kynnti þar fjögur verkefni.

Aðlögun innflytjenda

Styrkur frá Þróunarsjóði innflytjendamála fékkst í annað sinn fyrir rannsóknarverkefni meðal innflytjenda á Austurlandi. Verkefnið var unnið á haustmánuðum 2018 og felst í að taka viðtöl við innflytjendur um tækifæri sín og upplifun af aðlögun við samfélagið. Í fyrri rannsókninni sem gerð var 2017 kom fram að innflytjendur, sem nú eru tæp 10% íbúa Austurlands, sögðu tækifæri sín ekki þau sömu og innfæddra. Því var ákveðið að kanna þá upplifun nánar. Stefnt er að verklokum í apríl 2019 og verða niðurstöður birtar á heimasíðu Austurbrúar.

Greining á fjarnámi

Samband sveitarfélaga á Austurlandi fékk Austurbrú til þess að greina fjarnám á Austurlandi. Var framboð kortlagt, upplifun fjarnema skoðuð og áhugi íbúa fyrir fjarnám kannaður. Ennfremur var rætt við aðila í atvinnulífinu um færni og menntaþörf atvinnulífsins. Niðurstöður úttektarinnar eru birtar á heimasíðu Austurbrúar.

Innviðagreining fyrir Fljótsdalshérað

Á árinu skilaði Austurbrú innviðagreiningu Fljótsdalshéraðs sem unnin var samkvæmt samningi á milli Austurbrúar, Fljótsdalshéraðs og Hitaveitu Egilsstaða og Fella. Innviðagreiningunni er ætlað að draga fram styrkleika Fljótsdalshéraðs fyrir þá sem hafa áhuga á að fjárfesta innan sveitarfélagsins. Greiningin var unnin hjá Austurbrú í samstarfi við Fljótsdalshérað og Íslandsstofu. Hönnun skýrslunnar var í höndum Daniels Byström sem hefur verið leiðandi í verkefninu um áfangastaðinn Austurland. Kappkostað var við að setja sem flestar niðurstöður fram á myndrænan og skíran hátt. Þetta er fyrsta innviðagreiningin sem Austurbrú vinnur, en stefnt er að því að þróun á verkefninu fyrir Fljótsdalshérað muni nýtast til þess að vinna sambærilegar greiningar fyrir önnur svæði á Austurlandi.

Kvasir og Leikn - samstarf um fullorðinsfræðslu

Austurbrú tekur þátt í samstarfi Kvasis og Leiknar sem vinna bæði að framgangi fullorðinsfræðslu.

Kvasir eru samtök 11 fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á Íslandi. Allar miðstöðvarnar starfa að:

- öllu leyti eða að hluta til á grundvelli laga um framhaldsfræðslu nr. 27/2010, samkvæmt samningi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og vinna fræðsluverkefni með stuðningi Fræðslusjóðs
- samkvæmt samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið að framhaldsfræðslu og símenntun
- til almannaheilla á samfélagslegum grunni (non-profit)

Kvasir heldur árlega tvo vinnufundi þar sem aðilar bera saman bækur, ræða hagsmunamál og leiðir til að bæta og styrkja starfið en á milli fundar stjórn oftast símleiðis. Kvasir hefur að markmiði að standa vörð um fullorðinsfræðslu og berjast fyrir hagsmunum símenntunarmiðstöðva. Vorfundur og jafnframt

aðalfundur Kvasis 2018 var haldinn í Stykkishólmi í apríl 2018. Þar gekk Guðrún Á. Jónsdóttir, fulltrúi Austurbrúar, úr stjórn Kvasis en miðstöðvarnar skipta með sér stjórnarsetu samkvæmt ákveðnu kerfi. Á vorkundinum var m.a. fjallað um áskoranir í framhaldsfræðslunni og verkefnastjórar hittust og ræddu samstarf og ýmis fagmál. Haustfundur var haldinn í október á Laugarbakka í Miðfirði og var m.a. rætt um samstarf við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, verkefnastjórar ræddu verkefni og deildu reynslu. Austurbrú tekur einnig þátt í samstarfi Leiknar sem er sameiginlegur vettvangur fleiri fullorðinsfræðsluaðila en eru í Kvasi og er tilgangur samtakanna að efla fræðslu fullorðinna á Íslandi. Í Leikn eru fræðsluaðilar og frjáls félagasamtök sem hafa það meginhlutverk að bjóða fræðslu fyrir fullorðna, starfa til almannaheilla á samfélagslegum grunni (nonprofit), eru sjálfstæðir rekstraraðilar og starfa utan hins formlega skólakerfis.

Samstarf þekkingarsetra

Austurbrú tekur þátt í samstarfi þekkingarsetra sem starfa vítt og breitt um landið og njóta stuðnings á fjárlögum samkvæmt samningum. Samstarfið hófst formlega með fundi í Sandgerði snemma árs 2014. Enginn fundur var haldinn 2018 þar sem fyrirhuguðum ársfundi sem vera átti um haustið var frestað til vors 2019 vegna veðurs.

Skjáskot úr rafrænu námsefni.

Lögð er áhersla á að kenna nýliðum í móttöku gesta að veita persónulega þjónustu.



Rafrænt námsefni

Austurbrú fékk styrk frá Þróunarsjóði framhaldsfræðslu til að þróa rafrænt námsefni fyrir nýliða í móttöku á gisti- og veitingastöðum á Austurlandi. Verkefnið er hugsað sem hluti af innleiðingarferli

verkefnisins Áfangastaðurinn Austurland sem fjallað er um annars staðar í þessari skýrslu. Markmiðið með námskeiðinu er að efla starfsfólk í móttöku á gisti- og veitingastöðum í almennri kunnáttu um nærumhverfið sitt, veita því innsýn í nýja hugmyndafræði um gestrisni og kenna ýmis hagnýt og gagnleg atriði sem eflir starfsfólk í starfi. Þetta er tilraunaútgáfa af námskeiðinu og stefnt er á að ljúka verkefninu í maí 2019. Það er nokkuð seinna en upphaflega stóð til en þó innan þess tímaramma sem Austurbrú hafði til að ljúka verkefninu.

Tæknidagur fjölskyldunnar

Tæknidagur fjölskyldunnar var haldinn í Verkmenntaskóla Austurlands (VA) þann 6. október 2018. VA og Austurbrú standa að deginum sem er orðinn einn af stærstu viðburðum ársins á Austurlandi. Markmið Tæknidagsins er að vekja áhuga almennings á fjölbreyttum og spennandi viðfangsefnum tækni, verkmennta og vísinda og örva sköpunargleði. Fyrirtæki, stofnanir og frumkvöðlar kynna starfsemi sína og er dagskráin sniðin að öllum aldurshópum. Gestum Tæknidagsins hefur fjölgað ár frá ári og skrifuðu 1.380 manns í gestabækur í þetta skiptið.

Sjálfbærni-verkefni Alcoa Fjarðaáls og Landsvirkjunar

Austurbrú hefur haldið utan um Sjálfbærni-verkefni Alcoa Fjarðaáls og Landsvirkjunar frá janúar 2013. Þrír starfsmenn Austurbrúar komu að vinnu við verkefnið á árinu 2018. Meginþungi vinnunnar var eins og áður gagnasöfnun, úrvinnsla og uppfærslur á vef.

Nokkrir áfangar verkefnisins á árinu 2018 voru:

- Snemma árs var almennur hluti ensku útgáfu vefsins uppfærður með nýjum texta. Vefurinn er nú einfaldari en áður, bæði íslenska og enska útgáfan.
- Sjálfbærni-verkefnið eignaðist merki vorið 2018 og birtist það fyrst í auglýsingum fyrir ársfund. Höfundur merkisins er Ingvi Örn Þorsteinsson. Hann hannaði einnig útlit fyrir kynningarefni og útbjuggu starfsmenn glærupakka sem starfsmenn og fulltrúar stýrihóps geta notað til að kynna verkefnið og tryggja þar með samræmi í framsetningu.

Um 40 þátttakendur voru á ársfundi Sjálfbærni-verkefnisins sem var haldinn á Hótel Héraði á Egilsstöðum 9. maí. Yfirskrift fundarins var *Hagnýting í þágu samfélagsins*.

*Eitt af því sem fólk getur fengið að kynna á Tæknidegi fjölskyldunnar er gamaldags eldsmíði.
Mynd: Gjallarhorn.*



Austurbrú ses.

Vonarlendi
700 Egilsstaðir
470-3800
austurbru.is
austurbru@austurbru.is

